



Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Skjalavörður
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

2009110022

3.30.013

23. nóvember 2009

Málefni: Umsögn PFS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, 57. mál

I. Almenn

Vísað er til tölvupósts yðar til Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS), dags. 9. nóvember s.l. f.h. samgöngunefndar Alþingis, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, 57. mál. Óskaðist svar í tölvupósti eigi síðar en 23. maí 2009.

II. Um lækkun jöfnunargjaldsprósentu

Í frumvarpinu er lagt til að skattlagningarhlutfall jöfnunargjalds í 3. mgr. 22. gr. verði lækkað úr 0,65% í 0,10%. Lækkunin er í samræmi við tillögu Póst- og fjarskiptastofnunar sem send var samgönguráðuneytinu með bréfi stofnunarinnar, dags. 23. júlí s.l. Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 20. nóvember s.l. til samgönguráðuneytisins var ráðuneytið upplýst um málshöfðun Símans á hendur jöfnunarsjóði um greiðslu dráttarvaxta af úrskurðuðu framlagi til Símans vegna ISDN þjónustu og afleiðingar þess fyrir sjóðinn ef hann verður dæmdur til að greiða umkrafða fjárhæð, sjá hjálagt bréf.

Póst- og fjarskiptastofnun leggur áherslu á að núgildandi álagningarprósenta verði lækkuð en tekur ekki afstöðu til þess hvort rétt sé að fara með hana niður í 0,10% eins og upphaflega tillaga kvað á um eða 0,35% eins og tíundað er í bréfi stofnunarinnar þann 20. nóvember s.l. til samgöngurráðuneytisins.

III. Um reikiþjónustu

Með þeim breytingum á fjarskiptalögum sem frumvarpið kveður á um er verið að innleiða inn í íslenskan rétt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 544/2009 um breytingar á reglugerð nr. 717/2007 frá 27. júní 2007, um reiki á almennum farsímanetum. Með frumvarpinu er verið að efla neytendavernd og styrkja réttarstöðu neytenda gagnvart fjarskiptafyrirtækjunum með margvíslegum hætti. Þá er einnig styrkt réttarstaða fjarskiptafyrirtækja gagnvart viðsemjendum sínum erlendis þegar kemur að reikisamningum. Póst- og fjarskiptastofnun telur afar mikilvægt að þær breytingar sem lagðar eru til á ákvæðum fjarskiptalaga er varða reikiþjónustu farsímafyrirtækjanna nái fram að ganga og verði samþykktar.



Virðingarfyllst,

Friðrik Pétursson
Friðrik Pétursson

Hjálagt. Bréf PFS til samgönguráðuneytisins, ásamt fylgigögnum, dags. 20. nóvember 2009.



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Samgönguráðuneytið
Sigurbergur Björnsson
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
101 Reykjavík

2009110022

3.30.013

20. nóvember 2009

Málefni: Álagningarprósenta jöfnunargjalds

Eins og ráðuneytinu er kunnugt um þá hefur Póst- og fjarskiptastofnun, sem vörsluaðila jöfnunarsjóðs verið stefnt fyrir hönd sjóðsins til greiðslu dráttarvaxta, sjá nánar meðfylgjandi bréf Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 10. nóvember s.l. sem sent var til allra hagsmunaðila (þ.e. greiðanda í jöfnunarsjóðs). Ljóst er að ef dómur fellur Símanum í vil og jöfnunarsjóður verður dæmdur til að greiða dráttarvexti verður að endurskoða álagningarprósentu jöfnunargjalds í 3. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga.

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar samgönguráðuneytisins, dags. 23. júlí s.l. var ráðuneytið upplýst um nauðsyn þess að álagningarprósenta jöfnunargjalds samkvæmt 3. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga yrði lækkuð úr 0,65% í 0,10%. Ástæða þess var sú að engar umsóknir höfðu borist frá Símanum um frekari framlög úr jöfnunarsjóði. Stefndi því allt í það að jöfnunarsjóður þyrfti einungis að standa undir þeim alþjónustuskyldum sem hvíldu á Neyðarlínunni.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til breytinga á fjarskiptalögum (þskj. 57-57.mál), sem byggir á ofangreindri tillögu Póst- fjarskiptastofnunar um lækkun álagningarprósentu jöfnunargjalds.

Samkvæmt 3. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga er eitt af verkefnum Póst- og fjarskiptastofnunar að endurskoða fjárþörf jöfnunarsjóðs vegna alþjónustu árlega og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir samgönguráðherra. Með hliðsjón af því telur stofnunin rétt að vekja athygli ráðuneytisins á afleiðingum þess ef jöfnunarsjóður tapar því dómsmáli sem höfðað hefur verið gegn honum og áhrif þess á fjárhagsstöðu sjóðsins. Á fylgiskjali sem fylgir með bréfi þessu hefur verið áætlað að hugsanleg krafa Símans geti staðið í u.þ.b. 95 milljónum þann 1. mars 2010, en við það tímamark er líklegt að niðurstaða héraðsdóms liggja fyrir.

Tapist málið fyrir dómi þyrfti álagningarprósentan sem gilda á fyrir árið 2009 að vera 0,35%, en ekki 0,10% eins og gert er ráð fyrir í fyrirbyggjandi lagafrumvarpi. Helsti kostur þess að breyta álagningarprósentunni í því frumvarpi sem liggur fyrir Alþingi væri sá að hægt yrði að ljúka uppgjöri við Símann strax á næsta ári með álagningu jöfnunargjalds á fjarskiptafyrirtækin. Ef frumvarpið færi hins vegar óbreytt í gegn um þingið yrði ekki innheimt í sjóðinn vegna hugsanlegra dráttarvaxta fyrr en á árinu 2012 þar sem ekki er heimilt að leggja skatta á afturvirk. Í því tilviki yrði ríkissjóður væntanlega að hlaupa undir bagga og greiða Símanum hina dæmdu fjárhæð. Ríkið fengi það síðan endurgreitt við álagningu



jöfnunargjalds á árinu 2012.

Rétt er að vekja athygli á því að ef ráðuneytið ákveður að leggja til breytingu á frumvarpinu eins og það liggur nú fyrir væri hægt að færa álagningarprósentuna á ný niður í 0,10% ef jöfnunarsjóður verður sýknaður af kröfu Símans, sbr. til hliðsjónar ákvæði til bráðabirgða í því frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi.

Virðingarfyllst,

Friðrik Pétursson

Hjálagt. Fylgiskjal 1. Álagningarprósenta jöfnunargjalds alþjónustu árið 2010 vegna tekna á árinu 2009.

Bréf PFS til hagsmunaaðila, dags. 10. nóvember 2009 (Greiðenda í jöfnunarsjóð alþjónustu).

Álagningar prósentu Jöfnunarsjóðs Alþjónustu árið 2010 vegna tekna á árinu 2009

Forsendur

Stofn til Rekstrargjalds á árinu 2009 vegna tekna á árinu 2008 er kr.39.593.852.643.

Stofn til Jöfnunargjalds er sá sami og er til Rekstrargjalds vegna tekna á árinu 2008.

Umsókn Neyðarlínunnar fyrir árið 2009 er kr. 33.371.618.

Samtals **137.000.000** (NL 35.000.000 + PFS 7.000.000 + Síminn 80.000.000 + Juris 15.000.000)

Álagning (Stofn í þús. kr.)

Stofn / %	35.000.000	37.000.000	39.000.000	40.000.000	42.000.000	44.000.000
0,10%	35.000	37.000	39.000	40.000	42.000	44.000
0,15%	52.500	55.500	58.500	60.000	63.000	66.000
0,20%	70.000	74.000	78.000	80.000	84.000	88.000
0,25%	87.500	92.500	97.500	100.000	105.000	110.000
0,30%	105.000	111.000	117.000	120.000	126.000	132.000
0,35%	122.500	129.500	136.500	140.000	147.000	154.000
0,40%	140.000	148.000	156.000	160.000	168.000	176.000
0,45%	157.500	166.500	175.500	180.000	189.000	198.000

Niðurstaða

0,35%

Skuld Jöfnunarsjóðs 31.12.2008

Póst- og fjarskiptastofnun kr. 6.894.872.

Hugsanleg viðurkennd krafa Símans þann 1. mars 2010

Höfuðstóll + Dráttarvx	80.000.000
Innheimtulaun	15.000.000
Samtals	95.000.000



2009020127

3.35.014

10. nóvember 2009

Málefni: Tilkynning til hagsmunaaðila varðandi jöfnunarsjóð alþjónustu

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) er vörsluaðili jöfnunarsjóðs alþjónustu á sviði fjarskipta samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003. Tilgangur sjóðsins er að veita eðlilegt endurgjald vegna veitingu alþjónustu í þeim tilvikum þar sem sú þjónusta, vegna markaðsbrests, yrði rekin með tapi og yrði þar af leiðandi talin ósanngjörn byrði á alþjónustuveitanda. Sjóðurinn er fjármagnaður með s.k. jöfnunarsjóðsgjaldi sem lagt er á öll starfandi fjarskiptafyrirtæki á landinu, sbr. 2.-3. mgr. fyrrnefnds ákvæðis.

Þann 10. október 2007 var Símanum hf. með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 1/2007 ákvarðað framlag úr jöfnunarsjóði að upphæð kr. 163.233.277 vegna uppbyggingar á ISDN gagnaflytningþjónustu á árunum 2000-2004. Var jafnframt lagt fyrir PFS að gera tillögu að hækkuð jöfnunargjalds, sbr. 3. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga, til að mæta þessum auknu skuldbindingum sjóðsins.

Þegar umræddur úrskurður féll var jöfnunarsjóður neikvæður og engin heimild í fjárlögum til að greiða fé úr ríkissjóði vegna þessarar skuldbindingar. Enn fremur átti eftir að leggja hið aukna gjald á fjarskiptafyrirtæki til að standa straum af umræddu fjárframlagi. Þar sem skattar geta ekki verið afturvirkir var hið hækkaða gjald fyrst lagt á rekstrarárið 2008, en sú álagning fór fram s.l. haust. Þannig eru þeir fjármunir sem ætlaðir eru Símanum fyrst núna að skila sér í jöfnunarsjóð. Engu að síður greiddi PFS framlagið úr sjóðnum þann 26. febrúar s.l., þar sem heimild til greiðslu gjaldsins hafði fengist í fjárlögum 2009, sem samþykkt voru þann 22. desember 2008.

Nú bregður svo við að Síminn hf. hefur stefnt Póst- og fjarskiptastofnun, sem vörsluaðili jöfnunarsjóðs, með dómkröfu á hendur jöfnunarsjóði um greiðslu dráttarvaxta af fjárhæð höfuðstólsins kr. 163.233.277 frá 10. nóvember 2007, þ.e. mánuði frá því að áðurnefndur úrskurður úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála féll þann 10. október 2007. Samkvæmt útreikningi stefnanda Símans hf. námu dráttarvextir kr. 77.264.251 þann 10. júní 2009.

Málið var þingfest fyrir héraðsdómi Reykjavíkur þann 10. nóvember 2009. Póst- og fjarskiptastofnun hyggst grípa til varna fyrir hönd jöfnunarsjóðs og krefjast þess að dómkröfu stefnanda verði hafnað.

Ljóst er að málarekstur um fjárskuldbindingar jöfnunarsjóðs varða hagsmuni gjaldskyldra aðila í sjóðinn. Fari svo að dráttarvaxtakrafa Símans hf. verði tekin greina af hálfu dómstóla er einboðið að hækka þurfi jöfnunargjald töluvert, a.m.k. tímabundið, til að mæta slíkri fjárskuldbindingu.

Upplýsist þetta hér með.

Virðingarfyllst,

Björtu Teirsson